



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag dönsku konungsfjölskyldunni samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna fráfalls Hinriks prins.

Í kveðju sinni minntist forseti góðra kynna þeirra forsetahjóna af Hinriki í opinberri heimsókn til Danmerkur í byrjun síðasta árs. Hann hafi verið áhugasamur, elskulegur og lifandi í viðkynningu, góður gestgjafi sem þekkti vel sögu þjóðanna og menningu og sýndi málefnum Íslands ríkan áhuga.

Með Hinrik prins sé genginn mætur maður sem rækt hafi skyldur sínar í þágu dönsku þjóðarinnar af metnaði og alúð.

14. febrúar 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028)